

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá nr. 1087/2007 fyrir Mænuskaðastofnun Íslands.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

6. gr. orðist svo:

Stjórnin skal kalla stofnaðila saman til ársfundar eigi síðar en í apríllok ár hvert. Þar skal stjórn Mænuskaðastofnunar Íslands gera grein fyrir starfi hennar og leggja fram endurskoðaða ársreikninga til samþykktar. Þar skal einnig kosning tveggja skoðunarmanna og stjórnarfulltrúa fara fram. Á ársfundi gildir einfaldur meirihluti og hver fulltrúi stofnaðila hefur eitt atkvæði nema varðandi breytingar á skipulagsskrá, sbr. 11. grein.

Ársfundi skal boða skriflega með viku fyrirvara. Tillagna um breytingar á skipulagsskrá skal getið sérstaklega í fundarboði.

10. gr. orðist svo:

Reikningsár Mænuskaðastofnunar Íslands er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Forstöðumaður skal eigi síðar en í lok febrúarmánaðar leggja fram eftirtalin gögn fyrir stjórn stofnunarinnar til afgreiðslu:

Skýrslu um starfsemi síðasta starfsárs.

Endurskoðaðan ársreikning liðins starfsárs.

Reikningar Mænuskaðastofnunar Íslands skulu skoðaðir af tveimur skoðunarmönnum kosnum á aðalfundi stofnunarinnar. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Mænuskaðastofnun Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 31. janúar 2012.

Ríkarður Mátsson.

Björn Ingi Óskarsson.